

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa
í Kjósarhreppi, nr. 1166/2010.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Rotþróargjald skal vera kr. 11.250 sem er árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 33.800. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 33.800.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 7. janúar 2020, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og tekur hún þegar gildi.

Kjósarhreppi, 16. janúar 2020.

Karl M. Kristjánsson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2020